




Mannauðsstefna Landsbankans







Mannauðsstefna

Landsbankinn er eftirsóttur vinnustaður. Við leggjum áherslu á að skapa skemmtilegan vinnustað þar sem heilbrigð liðsheild þrífst við jákvæða og árangursdrifna menningu. Okkur er umhugað um velferð og vellíðan starfsfólks og leggjum áherslu á gagnkvæmt traust og sveigjanleika þar sem þarfir einkalífs og vinnu fara saman. Þekking, metnaður og kraftur starfsfólks er lykillinn að traustum banka fyrir farsæla framtíð.





Menning

Við berum sameiginlega ábyrgð á árangri og starfsánægju á vinnustaðnum.

Vinnustaðamenning okkar er í stöðugri þróun og starfsfólk er meðvitað um ábyrgð á eigin þekkingu og vexti. Við leggjum ríka áherslu á fagleg vinnubrögð og að nýtt starfsfólk fái góðar móttökur, nauðsynlegar upplýsingar og góðan aðbúnað til að sinna starfi sínu vel.

Starfsþróun og fræðsla

Hjá okkur hefur starfsfólk tækifæri til að eflast, þróast og nýta hæfni sína og styrkleika í starfi. Hugvit og færni starfsfólks er lykillinn að farsælum rekstri bankans og árangri. Starfsumhverfið hvetur til frumkvæðis og eflir metnað starfsfólks til að viðhalda og miðla þekkingu sinni, vaxa í starfi og axla ábyrgð. Við gerum kröfu um að allt starfsfólk þekki viðeigandi áhættupætti bankans og með reglulegum og markvissum þarfagreiningum vinnum við að því að starfsfólk fái þjálfun svo það geti sinnt verkefnum og viðskiptavinum bankans af fagmennsku og öryggi.

Ánægja og árangur

Við berum öll ábyrgð á eigin og sameiginlegum árangri og starfsánægju á vinnustaðnum. Þannig er stefna bankans stöðugt þróuð og endurskoðuð út frá hugmyndum og framlagi starfsfólks og mikið lagt upp úr öfluglu félagslífi. Reglulegar greiningar og samtöl eiga sér stað til að mæla ánægju starfsfólks, veita endurgjöf og meta árangur. Niðurstöðurnar nýtum við til að efla fræðsluframboð til starfsfólks, stuðla að lifandi og góðri vinnustaðamenningu og skerpa áherslur í ráðningum



Vel skipað teymi

Við leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð, jákvæða upplifun umsækjenda og leitumst við að ráða öflugt og traust starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn. Í ráðningarferlinu tökum við mið af hæfni, reynslu og menntun og byggjum ákvarðanir á málefnalegum og faglegum sjónarmiðum. Nýtt starfsfólk fær góðar móttökur og nauðsynlegar upplýsingar, þjálfun og aðbúnað til að sinna starfi sínu vel frá fyrsta degi.



Umhverfi

Okkur er umhugað um að starfsemin sé árangursrík og skilvirk og leggjum því áherslu á gagnkvæman sveigjanleika þar sem þarfir einkalífs og starfs fara saman. Aðbúnaður og aðstaða er eins og best verður á kosið og við nýtum snjallar lausnir til að koma til móts við starfsfólk sem hefur kost á að nýta sér ólíkar starfsstöðvar.

Nútímalegt vinnuumhverfi

Við sköpum umhverfi til framúrskarandi árangurs. Við nýtum snjallar lausnir og tækjabúnað til að gera vinnustaðinn sveigjanlegan. Þannig stuðlum við að starfsumhverfi þar sem ríkir gagnkvæmt traust og þarfir einkalífs og starfs fara saman. Við bjóðum upp á fræðslu og þjálfun í starfstengdri hæfni og þáttum sem tengjast vellíðan á vinnustaðnum, bæði andlegri og líkamlegri.

Aðstaða og öryggi


Í heilsusamlegu starfsumhverfi er öryggi starfsfólks og vinnuvernd í fyrirrúmi. Við veitum öflugan stuðning, vinnum markvisst forvarnarstarf og höfum skýra verkferla til þess að starfsfólk upplifi öryggi og vellíðan. Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni, sem og annað ofbeldi, er ekki umborið undir neinum kringumstæðum.



Réttindi og ráðgjöf

Við leggjum áherslu á að bjóða samkeppnishæf kjör og að hagsmunir starfsfólks og bankans fari saman. Starfskjör taka mið af starfi, ábyrgð og frammistöðu. Við leggjum okkur fram við að hlúa að starfsfólki og veita þeim viðeigandi ráðgjöf og stuðning þegar þörf er á.





Velferð

Til að starfsfólk geti sinnt starfi sínu vel og veitt viðskiptavinum bankans bestu þjónustu sem völ er á þarf starfsumhverfið að vera hvetjandi, styðjandi og stuðla að velferð og vellíðan í vinnu. Öflug og traust liðsheild sem byggir á frumkvæði og lausnamiðuðu hugarfari finnur leið til að gera betur og leysa áskoranir í sameiningu.

Samskipti og samvinna

Það er mikilvægt að það sé gaman í vinnunni. Við sköpum og nýtum sem flest tækifæri til að koma saman, bæði til að vinna og njóta samveru. Við leggjum áherslu á opin og uppbyggileg samskipti með gagnkvæma virðingu að leiðarljósi. Traust er undirstaða samskipta og samvinnu innan bankans og það endurspeglast í heilbrigðri og árangursmiðaðri liðsheild. Valdefling og endurgjöf er okkur mikilvæg – við hvetjum hvert annað, miðlum upplýsingum og styðjum framgang verkefna þvert á deildir bankans.

Fjölbreytni og jafnrétti

Við bjóðum upp á eftirsóknarverðan vinnustað þar sem öll hafa jöfn tækifæri til starfsþróunar og hver einstaklingur er metinn að verðleikum. Mismunun byggð á kyni, kynþætti, kynhneigð, trúarbrögðum eða þjóðerni er aldrei liðin.



Heilsueflandi vinnustaður

Við hjálpum starfsfólki að rækta andlegt og líkamlegt heilbrigði á fjölbreyttan hátt. Við stöndum vörð um velferð starfsfólks, stuðlum að vellíðan þess og tryggjum að aðstæður í vinnu og vinnuumhverfi séu heilsusamlegar. Heilsuefling á vinnustað er sameiginlegt og viðvarandi verkefni vinnuveitanda og starfsfólks.



Gildissvið og framfylgni

Mannauðsstefnan er sett fram til að afmarka þá þætti sem lögð er áhersla á í aðbúnaði, samskiptum og menningu vinnustaðarins. Hún gegnir upplýsingahlutverki um viðmið og gildi til starfsfólks og fyrir fólk sem hefur hug á að kynna sér Landsbankann sem vinnustað. Auk mannauðsstefnu fylgjum við leiðbeiningunum í Háttsemi okkar þar sem að við setjum fram viðmið um samskipti og aðrar reglur sem að við fylgjum.

Samhliða mannauðsstefnu gefum við út aðgerðaráætlun þar sem tilgreindar eru aðgerðir og mælingar sem við vinnum eftir svo að stefnunni sé framfylgt. Mannauður endurskoðar aðgerðaráætlunina annað hvert ár. Mannauðsstjóri er ábyrgur fyrir framfylgni stefnunnar sem er sömuleiðis samþykkt af framkvæmdastjórn.

